



## 104. aðalfundur Fáks

Félagsheimilinu 29. apríl 2025 kl. 20.00

### 1. Fundur settur

Hjörtur Bergstað formaður Fáks setti fundinn og bað fundarmenn að minnast lítinna félaga með því að rísa úr sætum og hafa stutta þögn.

### 2. Kosning starfsmanna

Formaður lagði til að Sigurbjörn Magnússon yrði fundarstjóri. Fundurinn samþykkti það með lófaklappi. Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og lagði til að Hilda Karen Garðarsdóttir yrði fundarritari og samþykkti fundurinn það sömuleiðis með lófaklappi og tók hún strax til starfa.

### 3. Lögmæti fundarins

Fundarstjóri fór yfir lögmæti fundarins og skýrði frá því að til hans hefði verið boðað á eftifarandi hátt:

- 31. mars 2025 á vefsíðu félagsins og að einnig hefði verið minnt á hann 23. apríl og þá með framboðum til stjórnar.
- 1. apríl 2025 á Fésbókarsíðu félagsins og áminning þann 23. apríl og þá með framboðum til stjórnar.

Fundarstjóri sagði fundinn boðaðan í samræmi við ákvæði 6. og 7. gr. laga Fáks og lýsti fundinn í framhaldi af því lögmætan. Þá sótti tilskilinn fjöldi félagsmanna fundinn eða 69 félagsmenn, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga félagsins.

### 4. Skýrsla stjórnar

Formaður byrjaði á því að minnast á þau tímamót sem standa fyrir dyrum, þ.e. að hans formannstíð væri að ljúka í kvöld. Hann var kosinn formaður á aðalfundi árið 2013. Hann óskaði eftir því að fá að byrja á að veita viðurkenningar þeim sem starfað hefðu vel og lengi í þágu félagsins og hlutu eftifarandi Fáksmenn gullmerki félagsins við þetta tilefni:

- Elísabet Reinhardsdóttir
- Guðrún Oddsdóttir
- Gunnar Arnarson
- Halldór Ólafsson
- Jón Finnur Hansson
- Kristbjörg Eyvindsdóttir
- Ómar Einarsson
- Sigrún Sigurðardóttir
- Sigurbjörn Magnússon
- Þorgrímur Hallgrímsson



Formaður lagði fram og skýrði skýrslu stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári. Árið 2024 var litað af landsmóti hestamanna sem haldið var í Viðidalnum í samstarfi við nágranna okkar í Spretti. Mótið var glæsilegt í alla staði og góður rómur gerður að því. Það var gæfuskref fyrir Fák að taka þátt í samstarfinu sem gekk afar vel og gaman var að geta nýtt svæðið okkar, auk þess sem mótið skilaði féluginu arði. Mikilvægt væri að fá landsmót reglulega til okkar í Viðidalinn, því með því kæmi fjármagn sem nýttist í allt svæðið okkar hvort sem það væru reiðvegir, húsakostur, þjálfunarsvæði eða keppnisvellir. Svona viðburður krefðist vissulega mikils mannauðs með góða reynslu, sjálfbóðaliða og góðs skipulags, sem hefði sannarlega verið raunin á síðasta ári.

Í upphafi árs fékk Fákur leyfi til að loka kerrusvæðinu og yfirráðarátt yfir landsvæðinu frá Breiðholtsbraut niður að brú. Formaður minntist á hestakerrur, að þær ættu að vera á kerrusvæðinu og þar væru þær vaktaðar gegn sanngjörnu gjaldi. Beit hefði ekki verið leyfð en nú væri það breytt og gætu félagsmenn sótt um viðrunarhólf. Nöfn umsækjenda væru sett í pott og dregin út. Fólk sem hefði verið duglegt að vinna fyrir félagið væri sett í forgang. Ef viðkomandi sinnti ekki þeim skilyrðum sem sett væru, t.d. um að taka niður girðingar að hausti, þá færi fólk aftast í röðina næst þegar úthlutað væri.

Formaður sagði að fjárhagsstaða félagsins væri góð og 40 milljónir væru inni á bankabók.

Reiðskólar hefðu starfað hér á sumrin um árabil og á starfsárinu hefði sú starfsemi verið í blóma og félagshesthúsið sömuleiðis. Starfið hefði gengið vel og við værum stolt af því að geta boðið ungu hestafólk upp á aðgang að hesthúsplássi með þessum hætti.

Félagsheimilið var byggt af heiðursfólk í Fáki og sennilega í fyrsta skipti núna sem það væri rekið með hagnaði.

Mótahaldið var með hefðbundnu sniði en haldið var Reykjavíkurmeistaramót, gæðingamót, Landsmót, vetrarleikar, firmakeppni, Meistaradeild æskunnar og planið væri að setja á laggirnar kappreiðamótaröð í haust.

Uppskeruhátíð var haldin á haustdögum með Spretti og sömuleiðis þorrablótið. Þetta væru dýrir viðburðir og leitast hefði verið við að reka alla viðburði með hagnaði.

Í Almannadal hefðu einnig verið gerð viðrunarhólf sem hægt væri að nota í sumar.

Formaður lauk máli sínu og fundarstjóri lagði til að farið yrði næst í yfirferð ársreikninga áður en orðið væri gefið laust um skýrslu stjórnar og var það samþykkt.

## 5. Ársreikningur

Hákon Leifsson gjaldkeri kynnti reikninga félagsins fyrir árið 2024 og Einar Gíslason framkvæmdastjóri kynnti fjárhagsáætlun ársins 2025.

Fundarstjóri gaf orðið laust um reikninga félagsins og skýrslu stjórnar.

Hlíð Sturludóttir bað um orðið og þakkaði traustið sem henni hefði verið sýnt síðan hún tilkynnti framboð sitt til formanns. Hlíð kynnti sig fyrir félagsmönum og sagði frá því að meginmarkmið hennar væru að styrkja athafnasvæði Fáks, efla öryggi á reiðstígum, leggja áherslu á skipulag reiðvegakerfis í Heiðmörk og styðja við störf reiðveganefndar í því sambandi. Hlíð talaði fyrir uppbyggingu á svæðinu sem efla myndi hestamennsku enn frekar.



Bygging reiðhalla yrði sett á dagskrá. Unnið yrði að áframhaldandi uppbyggingu í Almannadal þar sem væru mikil tækifæri til framtíðar á gríðarlega fallegu svæði. Til að það gæti orðið þyrfti sameiginlegt átak Fáks, borgarinnar og hesthúseiganda og það kallaði á að fólk hætti að líta í baksýnisspeginum og horfði fram á veginn. Í Fáki væri mikill mannauður og alltaf gaman að fylgjast með félagsmönnum njóta sín. Sumardagurinn fyrsti gott dæmi um frábæran dag í féluginu okkar, þar sem firmakeppni var haldin inni og úti og seinna um daginn bingó í sal reiðhallarinnar. Hlíf talaði um að hennar verk væri að efla starfið enn frekar, bæði fyrir keppnisfólk og hinn almenna útreiðamann. Fyrsti liður í því væri að bjóða Fáksfélögum til vinnustofu þar sem fólk fengi tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri, bjóða fram krafta sína og kynnast öðrum hestamönnum. Að lokum þakkaði Hlíf Hirti fyrir ómetanlegt starf í þágu félagsins um árabil bæði sem formaður þess og áður sem stjórnarmaður.

Enginn annar kvaddi sér hljóðs um ársreikning eða skýrslu stjórnar.

Fundarstjóri bar því fjárhagsáætlun og ársreikning undir atkvæði fundarins og var hvort tveggja samþykkt samhljóða.

## 6. Lagabreytingar

- Lagt var til að úr 2.tl. 2.gr. laganna falli eftirfarandi setning: „Heimilt er að starfsrækja veðbanka í sambandi við kappreiðar.”  
Tillagan var samþykkt með a.m.k. 2/3 hluta atkvæða, nokkrir voru á móti
- Lagt var til að að 3. grein laga Fáks féllu eftirfarandi setningar og setningaráhlutar: „Stjórn metur hvort umsókn sé gild.” og „enda hafa þeir verið félagar í a.m.k. 5 ár.”  
Tillagan var samþykkt samhljóða.
- Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fallið hefði verið frá tillögu um að fella niður ákævði um lágmarskmætingu í 6. gr. og var því tillagan ekki borin upp.
- Lagt var til að síðasti málslíður 3. mgr. 6. greinar laga Fáks hljóðaði svo; „Félagar 18 ára og eldri hafa kosningarétt og kjörgengi.” Tillagan var samþykkt samhljóða.
- Lagt var til að í stað orðsins „endurskoðaðir” í 2. gr. 7. gr. laga Fáks kæmi orðið „Skoðaðir: Tillagan var samþykkt samhljóða.
- Lagt var til að í 2. mgr. 7. grein laga Fáks kæmi nýr töluliður sem yrði 1. töluliður og væri svohljóðandi: „Kosning fundarstjóra og fundarritara.” og aðrir töluliðir færðust til sem því næmi. Tillagan var samþykkt samhljóða.
- Lagt var til að úr 10. grein laga Fáks felli eftirfarandi setning: „Stjórn félagsins setur reglur um rekstur veðbanka skv. lögum og reglum þar að lútandi”. Tillagan var samþykkt samhljóða.



## 7. Kosningar til stjórnar skv. 5. gr. laga félagsins.

- Fyrst var kosið um formann félagsins fyrir næsta starfsár. Þar sem einungis einn frambjóðandi, Hlíf Sturludóttir, hafði skilað inn framboði innan tilskilins frests þá lýsti fundarstjóri hana sjálfkjörna sem formann félagsins fyrir næsta starfsár.
- Þá var gengið til kosninga um gjaldkera félagsins fyrir næsta starfsár. Þar sem einungis einn frambjóðandi, Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir, hafði skilað inn framboði innan tilskilins frests á lýsti fundastjóri hana sjálfkjörna sem gjaldkera félagsins fyrir næsta starfsár.
- Þá var gengið til kosninga tveggja meðstjórnenda til 2ja ára en þrjú framboð höfðu borist innan tilskilins frests en það voru: Hákon Leifsson, Sæmundur Ólafsson og Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir. Var því kosið á milli þeirra og féllu atkvæði þannig að Hákon fékk 66, Vilfríður 58 og Sæmundur 12. Fundarstjóri lýsti því þau Hákon og Vilfríði rétt kjörna meðstjórnendur félagsins.

Stjórn Fáks er því þannig skipuð fyrir næsta starfsár:

- Hlíf Sturludóttir formaður,
- Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir, gjaldkeri
- Ívar Hauksson, ritari
- Hákon Leifsson meðstjórnandi
- Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir meðstjórnandi
- Þormóður Skorri Steingrímsson meðstjórnandi
- Sigurður Elmar Birgisson meðstjórnandi

Einungis eitt framboð barst til skoðunarmanns reikninga félagins:

- Silja Ósvaldsdóttir – og var hún því sjálfkjörin

## 8. Ákvörðun árgjalds

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um hækken árgjalds félagsmanna til félagsins og lagði til hækken úr 21.500 kr. í 23.000 kr.

Tillagan var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða, nokkrir voru á móti.

## 9. Önnur mál

**Sigurbjörn Bárðarson** kvaddi sér hljóðs og sagðist vilja stikla á stóru í ferli fráfarandi formanns. Sigurbjörn sagði að Hjörtur hefði setið lengst af öllum í stjórn Fáks eða í 23 ár og gefið tíma sinn í uppbyggingu félagsins, bæði þegar litið er til svæðisins, mótahalðsins, æskulýðsstarfsins og mannvirkja. Hrein bylting hefði orðið í tíð Hjartar í umhverfi hestamennskunnar síðustu árin og þar hefði Hjörtur og hans samstarfsfólk í stjórn gengið fram af krafti, framsýni, nýtt tengslanet og samningahæfni til góðra verka. Reiðhöllin var kláruð, mönin við Hvammsvöllinn byggð og félagshesthús sett á laggirnar þar sem boðið hefði verið upp á faglega kennslu og aðstoð og fræðslu. Þrjú landsmót voru haldin á félagssvæðinu, 100 ára saga félagsins var gefin út, samningur tókust við borgina um beit á svæðinu og fleira mætti gott telja. Hjörtur var



forystumaður sem nýtti sér vel gott samstarf við félagsmenn, styrkleika samferðarmanna og hæfileika og tókst að tengja gamla tímann og nýja. Hjörtur og fjölskylda hans hefðu gefið Fáki mikinn tíma og vinnu fyrir okkur félagsfólk í Fáki og fyrir það vildi Sigurbjörn þakka sérstaklega. Í framhaldi þá veitti Sigrún Valdimarsdóttir, stjórnarmaður, Hirti gullmerki Fáks fyrir sín störf í þágu félagsins.

**Hjörtur Bergstaði tók til mál** og þakkaði fyrir sig og sagðist vera þakklátur fyrir samstarfið við félagsmenn og fyrir traustið sem honum var sýnt. Hjörtur þakkaði fjölskyldunni sinni fyrir að standa með honum í félagsmálabröltinu alla tíð.

**Ómar Jóhannsson tók til mál** og gerði alvarlegar athugasemdir við aðstöðugjald sem hann var krafinn um vegna geymslu á hey fyrir heybirgja sinn og sagðist vera eini heysalinn á svæðinu sem væri krafinn um slíkt. Ómar gerði líka að umtalsefn viðrunar hólfir sem úthlutað var síðasta sumar og vildi að stjórnin endurskoðaði vinnulag við úthlutanir hólfir. Þá gerði hann líka athugasemd um að hann sé krafður um leigu vegna traktors sem hann notar til að koma heyi til hestamanna.

**Birgir Rafn Gunnarsson fyrrverandi formaður** óskaði nýrri stjórn til hamingju með kjörið og bauð Hjört velkominn í hóp fyrrverandi formanna félagsins.

**Elín Halldórsdóttir og Aníta Lára Ólafsdóttir** óskuðu nýrri stjórn til hamingju með kjörið. Þær kynntu störf mótanefndar. Þær lýstu starfi mótnefndar og óskuðu eftir fleirum til að taka þátt í störfum nefndarinnar.

**Dagný Bjarnadóttir formaður reiðveganefndar** sagði frá deiliskipulagi í Heiðmörk, þar sem hún hefur setið fundi með skipulagsyfirvöldum og komið á framfæri óskum okkar hestamanna. Hún sagði að lögð hefði verið áhersla á styttri hringleiðir okkar megin. Þetta væri allt í vinnslu og við vonuðum það besta og að á okkur yrði hlustað. Það ættiað minnka bílaumferð inn í Heiðmörk sem væri gott fyrir okkur hestamenn. Dagný sagði að það þyrfti að klára norðurleiðina kringum Rauðavatn, en einungis á eftir að klára síðasta legginn. Einnig þyrfti að klára leiðina inn að Rauðhólum. Það þyrfti að halda áfram samtali við borgina um þessi mál.

**Halldór Ólafsson** bað um orðið og þakkaði þann heiður að hljóta gullmerki. Hann benti á að um daginn hefði komið í ljós að félagsheimilið væri ekki rétt skráð hjá viðbragðsaðilum. Beindi hann því til stjórnar að kippa því í liðinn.

**Hjörtur svaraði Halldóri** varðandi það að þetta sé í vinnslu, og verði eins og sumarbústaðaskráningin væri í dag.

**Hjörtur svaraði Ómari** og sagði að þeir sem hefðu unnið mest fyrir félagið væru í forgangi varðandi úthlutun á beitarhólfum. Fólk væri ekki mismunað. Skilyrði fyrir úthlutun væri að girðingar væru teknar niður á haustin. Varðandi heysvæðið þá bentí hann á að stjórnin væri að að viðhalda svæðinu og það kostaði peninga. Það er því mjög eðlilegt að það sé rukkað fyrir svæðin.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs.



#### 10. Fundi slitið

Fundarstjóri bað um leyfi fundarins til að ganga frá fundargerð með ritara og voru engin andmæli við því. Fundi slitið kl. 22:48.

Hilda Karen Garðarsdóttir

Hilda Karen Garðarsdóttir, fundarritari

Sigurbjörn Magnússon

Sigurbjörn Magnússon, fundarstjóri